

Drög að reglugerð um virkjunarkosti í verndar- og orkunýtingaráætlun, með athugasemdum og breytingartillögum verkefnisstjórnar áætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Breytingartillögur verkefnisstjórnar eru í rauðu, breytingartillögur Orkustofnunar sem verkefnisstjórn er samþykkt eru í fjólubláum.

REGLUGERÐ

um virkjunarkosti í verndar- og orkunýtingaráætlun.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi nær til landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti til orkuvinnslu, jafnt innan eignarlanda sem þjóðlendna og gildir um virkjunarkosti sem óskað er eftir að verkefnisstjórn verndar- og orkunýtingaráætlunar fjalli um skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun.

2. gr.

Beiðni um að verkefnisstjórn fjalli um virkjunarkost.

Beiðni um að verkefnisstjórn fjalli um virkjunarkost skal send Orkustofnun. Ef virkjunarkostur er að mati Orkustofnunar nægilega skilgreindur skal verkefnisstjórn fá hann til umfjöllunar. Orkustofnun getur einnig að eigin frumkvæði sent beiðni til verkefnisstjórnar um að fjalla um virkjunarkosti.

3. gr.

Gögn sem fylgja þurfa beiðni um umfjöllun.

Eftirtalin gögn og upplýsingar skulu fylgja öllum beiðnum um umfjöllun um virkjunarkost:

- 1) mörk framkvæmdasvæðis,
- 2) staðsetning, útlínur og hæð helstu mannvirkja, p.m.t. borholur og pípulagnir, stíflur, varnargarðar, skurðir, lón, vegir, efnistökustaðir, tippar og stöðvarhús,
- 3) markmið um ásýnd virkjunar,
- 3) áætlað afl virkjunar,
- 4) áætluð orkugeta virkjunar,
- 5) áætlaður stofn- og rekstrarkostnaður virkjunar, sem Orkustofnun byggir hagkvæmniflokkun sína á
- 7) áform um tengingu við flutningskerfi raforku,
- 9) rannsóknir og heimildir um virkjunarsvæði

Eftirtalin gögn og upplýsingar skulu fylgja beiðnum um umfjöllun um virkjun fallvatna:

- 1) áætlað rennsli með há- og lágmarki og tíðnidreifing þess í lónum, farvegum neðan þeirra og veitukerfum þar sem við á,

- 2) áætlun yfirborðshæð og vatnsborðssveifla í lónum í tíma og rúmi,
- 3) rannsóknir og áætlanir um aurburð og ísmyndun,

Eftirtalin gögn og upplýsingar skulu fylgja beiðnum um umfjöllun um virkjun háhitasvæða:

- 1) markmið um sjálfbærni virkunar og samspil nýtingar og endingartíma,
- 2) áform um niðurdælingu og förgun affallsvatns og möguleg áhrif á grunnvatnshlot,
- 3) áform um öflun og förgun kælivatns
- 4) markmið um losun brennisteinsvetnis og staðbundinn hámarksstyrk þess í andrúmslofti,
- 5) Upplýsingar um hljóðstyrk frá borholum.

Orkustofnun er ávallt heimilt að óska eftir frekari gögnum umfram það sem að framan greinir.

Fyrir aðra orkukosti en virkjun fallvatna og háhitasvæða ber Orkustofnun að upplýsa um hliðstæðar kröfur við það sem rakið er hér að framan.

4. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun. Reglugerðin er sett að höfðu samráði við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hvað varðar þátt Orkustofnunar. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, xx 2013.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

XXX